

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða  
Aðalstræti 21  
415 Bolungarvík

Selfossi 3. október 2016  
Tilvísun: 1609314

## Viðbrögð við saurgerlamenguðu neysluvatni

Matvælastofnun vill með bréfi þessu minna heilbrigðisnefndir á skyldur sínar þegar grunur vaknar um að neysluvatn sé mengað af saurgerlum.

Í gildandi reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 er saurgerlamengun flokkuð í viðbragðsflokk A. Um viðbrögð við mengun í A-flokki er fjallað í 14. gr. reglugerðarinnar en þar segir:

*„Gripid skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæðin. Heilbrigðisnefnd skal í samráði við Matvælastofnun banna dreifingu eða notkun neysluvatnsins, nema eftir nauðsynlegar aðgerðir til verndar heilsu manna. Heilbrigðisnefnd skal tafarlaust veita neytendum upplýsingar og ráðgjöf.“*

Þá segir í lokamálsgrein 14. greinar:


*„Heilbrigðisnefnd skal tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og hún hefur orðið vör við hugsanlega smithættu, sbr. ákvæði 11. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997.“*

Heilbrigðisnefndir hafa ekki allar viðhaft það verklag sem þarna er lýst en þessum ákvæðum reglugerðarinnar skal fylgja á eftirfarandi hátt:

**Greinist *E-coli* eða saurkokkar í sýni skal tafarlaust upplýsa neytendur og ráðleggja þeim að sjóða neysluvatn. Þá skal upplýsa Matvælastofnun, héraðslækni eða sóttvarnalækni um stöðu mála og grípa til aðgerða gagnvart veitunni.**

Vatnsveitan er að sjálfsögðu ábyrg. Það er hennar, sem matvælafyrirtæki, að senda aðeins frá sér örugg matvæli, í þessu tilfalli heilnæmt vatn. Öll frávik, þar sem vatnið uppfyllir ekki kröfur reglugerðarinnar hvað varðar saurgerlamengun, skal veitan upplýsa sína viðskiptavini um. Hins vegar leggur neysluvatnsreglugerðin þær skyldur einnig á herðar heilbrigðisnefnd að upplýsa neytendur, auk þess sem nefndinni ber að grípa til aðgerða til að endurheimta vatnsgæðin.

Virðingarfyllt  
f.h. Matvælastofnunar

  
Sigrún Ólafsdóttir  
Sérfræðingur